

Mál nr. 300/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. september 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. október 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 6. desember 2024 slasast við vinnu sína sem verktaki í þágu X er stigi gaf sig þar sem önnur krókalæsingin var brotin eða horfin fyrir slysið, og hinn krókurinn brast. Við það féll M 3.62 metra til jarðar og hlaut samfallsbrot á hryggjarlið og áverka á mjóbaki og vinstri úlnlið sem leiddi til langvarandi óvinnufærni. Hafði M unnið náíð hjá og fyrir X, fyrst sem starfsmaður í sjö ár og síðar sem verktaki og hafði hann eins og venja var fengið afhentan búnað til afnota í tengslum við verkin, þar á meðal bíla, tæki og stiga. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V en af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi dags. 1. júlí 2025 með vísan til þess að M hefði verið sjálfstæður verktaki og því borið ábyrgð á eigin búnaði. Auk þess taldi V ekki sannað að stiginn hafi verið gallaður fyrir slysið. M telur að X hafi vanrækt lögbundnar skyldur sínar varðandi öryggi vinnubúnaðar og vinnuumhverfis og að sú vanræksla hafi leitt til slyssins. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar 367/2006 um notkun tækja máli sínu til stuðnings. Lögreglurannsókn hafi staðfest að stiginn hafi verið í ófullnægjandi ástandi og óöruggur til notkunar, þar sem báðir öryggiskrókar, sem eigi að halda framlengingum saman, hafi annaðhvort verið brotnir eða horfnir. Ekkert hafi gefið til kynna að stiginn hafi reglubundið verið yfirfarinn eða viðhaldið. M hafi ekki haft neina ástæðu til að ætla að stiginn væri óöruggur, sérstaklega þar sem hann heyrði „klikk“ þegar hann festi hann og taldi hann því vera rétt festan. M mótmælir því að verktakasamband eitt og sér losi vinnuveitanda undan ríkum skyldum sínum til að tryggja öryggi á vinnustað. Það skipti máli hvort verktaki vinni verk undir verkstjórn og umsjón verkkaupa. Þegar verktaki sé í raun háður stjórn verkkaupa um framkvæmd verksins, starfi á verkstað hans, noti búnað hans og fylgi tilteknum reglum, líkist réttarsambandið frekar launþegasambandi. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, ber atvinnurekanda sem ber ábyrgð á aðalstarfsemi vinnustaðarins að sýna frumkvæði að samræmingu vinnuverndarstarfs og að tryggja öryggi starfsmanna annarra fyrirtækja sem starfa á hans vegum. Vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 198/2006 og 101/2009 máli sínu til stuðnings. Telur M að slysið megi ekki rekja til óaðgæslu hans sjálfs. Hann hafi einungis verið að vinna það verk sem hann átti að sinna í samræmi við þær upplýsingar sem hann hafði fengið frá X. Þá vísar M til 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 en samkvæmt því ákvæði megi ekki skerða rétt starfsmanns til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

V telur algjörlega ósannað að umræddur stigi hafi verið vanbúinn fyrir slysið. Þvert á móti virðist skýrsla lögreglu og frásögn M um athugun á stiganum fyrir slysið leiða líkum að því að vegna þess sem gerðist við atvikið, þ.e. að öryggisfesting brotnaði, hafi stiginn þá fyrst orðið vanbúinn. Þá sé jafnframt ósannað að X hafi útvegað gallaðan og hættulegan vinnubúnað. X hafi ekki haft vitneskju um þá ákvörðun M að nota þennan tiltekna stiga og hafði því ekki tækifæri til að bregðast við. M bar sjálfur ábyrgð á því að tryggja að ástand stigans væri fullnægjandi þegar hann tók ákvörðun um að nota hann. Umrætt atvik sé fyrst og fremst óhappatilvik eða tilkomið vegna atvika sem M einn ber ábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi hvílir á M. Samkvæmt lögregluskýrslu vantaði krókalæsingar á stiga við skoðun eftir slysið, en ekki liggur fyrir hvort eða að hvaða marki þær skemmdir hafi verið til staðar fyrir slysið. Engin gögn sýna fram á að X hafi vitað eða mátt vita um hugsanlega bilun eða að stiginn hafi verið afhentur M í ófullnægjandi ástandi. Að framangreindu virtu verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til brota X gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir